





# 1. Inngangur

Pestel Greining er hjálpleg greiningaraðferð sem skoðar utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á skipulagsheildir (félög og fyrirtæki), stefnu og ákvarðanir.

Pestel greining vinnur með rekstrarumhverfi og er notað til að greina utanaðkomandi þætti sem hafa áhrif á það hvort reksturinn nær að koma fram og ná árangri með nýjar lausnir og leiðir sem svara samfélagslegum áskorunum (Professional Academy, 2021).

Pestel greining hjálpar rekstraraðilum að skilja samkeppni og staðsetja sig á markaði og í samkeppni, minnka líkur á mistökum og setja fram hugmyndir að viðbröðum við ólíkum áskorunum (Perera, 2017, pp. 4-5).

Líkt og með aðrar greiningaraðferðir þá er mikilvægt að endurtaka og uppfæra PESTEL greininguna reglulega til að tryggja að reksturinn sé að bregðast við réttum áskorunum með hliðsjón af nýjustu fánlegum upplýsingum. Utanaðkomandi áhrifaþættir geta breyst á svipstundu (Perera, 2017, pp. 22).

Skammstöfunin PESTEL stendur fyrir “Political, Economic, Social, Technological, Legal, and Environmental” áhrifaþætti eða; stjórnmál, efnahagsmál, samfélag, tækni, lagaumhverfi og umhverfismál (CIPD, 2021).

- ✓ *Stjórnmál – áhrifaþættir* fela í sér stefnumótun stjórnvalda sem hefur áhrif á reksturinn svo sem skattaumhverfi, vinnuréttur og viðskiptahömlur.
- ✓ *Efnahagsmál - áhrifaþættir* geta falið í sér hagvöxt eða samdrátt, verðbólgu, skatta, kostnað við framfærslu og starfsmannakostnað.
- ✓ *Samfélags - áhrifaþættir*, svo sem menning, samfélagsgildi og -viðhorf fólks, þar með talin menningarviðmið og lýðfræði (aldur, kyn, uppruni og fjölskyldustærð), heilsa, atvinnuþátttaka og lífsgæði.
- ✓ *Tæknilegir - áhrifaþættir* vísa til hraðrar þróunar tækni, samfélagsmiðla, aðgengi að nýjustu tækni og samskiptum á Alnetinu.
- ✓ *Lagaumhverfi* vísar til lagaumgjörðar varðandi rekstur félaga og fyrirtækja, verkalýðsfélög og önnur lagasetning sem snertir markhóp félagsins eða fyrirtækisins. Það skiptir miklu máli fyrir samfélagsfyrirtæki og félög að fylgjast vel með breytingum í lagaumhverfinu samanber ný lög um félög til Almannaheilla og Almannaheillaskrá.
- ✓ *Umhverfisþættir* svo sem loftslagsbreytingar, stefnumótun í umhverfismálum, veður og náttúruhamfarir.



## 2. Leiðbeiningar

Í þessum hluta finnið þið leiðbeiningar og spurningar sem gera ykkur kleift að klára Pestel greininguna. Vinsamlegast fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan:

1. Farið vel yfir töflu 1 sem er dæmi um Pestel greiningu.
2. Hugsið um pólitíska, efnahagslega, samfélagslega, tæknilega og lagalega þætti sem gætu haft áhrif á reksturinn, með því að velja fyrir ykkur spurningum sem settar eru fram í dæminu um Pestel greiningu.
3. Ljúkið við að fylla út formið fyrir Pestel greininguna með þeim þáttum sem gætu haft áhrif á ykkar rekstur, ákvarðanir og stefnumótun.

**Tafla 1. Pestelgreining - Dæmi:**

<b>P</b>	<b>Pólitík:</b>  Stjórn málaumhverfi,  Nærumhverfi, þjóðerni,  Umhverfi í Evrópu og á heimsvísu	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Hvaða löggjöf hefur áhrif á reksturinn?</li> <li>✓ Hvernig vinna stjórnvöld með stefnumótun samfélagsfyrirtækja og félaga?</li> <li>✓ Getur ný löggjöf eða skattaumhverfi haft neikvæð eða jákvæð áhrif á reksturinn?</li> </ul>
<b>E</b>	<b>Efnahagsmál:</b>  Efnahagsástand, krísur, vinnumarkaður, hnattvæðing	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Hversu stöðugt er efnahagslífið?</li> <li>✓ Er skattaumhverfi hagstætt fyrir samfélagslegan rekstur eða ekki?</li> </ul>
<b>S</b>	<b>Samfélag:</b>  Lífsstíll, viðhorf,  Miðlar, trú,  Kyn, uppruni	<ul style="list-style-type: none"> <li>✓ Hvaða félags- og menningarlegur þætti hafa neikvæð eða jákvæð áhrif á reksturinn?</li> <li>✓ Hvað viðhorf geta haft áhrif á reksturinn?</li> <li>✓ Getið þið skilgreint ólík ráðningarform, núverandi stefnu og strauma á vinnumarkaði, og ólík sjónarhorn til vinnu? Eru sjónarhornin ólík eftir mismunandi hópum og eftir aldri?</li> </ul>



<b>T</b>	<b>Tækni</b>  Aðgengi að tækni, Internetinu, samfélagsmiðlum, alþjóðasamskiptum og nýsköpun	<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Hvernig hyggst samfélagi reksturinn bregðast við tæknilegri nýsköpun?</li><li>✓ Hefur reksturinn aðgengi að nýjustu tækni?</li><li>✓ Hvaða áhrif mun tækni hafa á daglegan rekstur?</li><li>✓ Getur ný tækni nýst í rekstrinum?</li></ul>
<b>E</b>	<b>Umhverfismál (Environmental):</b>  Umhverfishömlur, samgöngur, Innkaup og stjórnun virðisikeðjunnar, faraldrar í framtíðinni	<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Hvers konar umhverfishindranir eru til staðar að hálfu stjórnvalda? Hafa þessar hindranir áhrif á reksturinn?</li><li>✓ Hvernig geta ófyrirséðir faraldrar eða náttúruhamfarir haft áhrif á daglegan rekstur?</li><li>✓ Er mögulegt fyrir reksturinn að nota sjálfbærar auðlindir?</li></ul>
<b>L</b>	<b>Lagaumhverfi:</b>  Vinnulöggjöf, stéttarfélög og skattaumhverfi	<ul style="list-style-type: none"><li>✓ Eru einhverjar hindranir í vinnulöggjöf sem hafa áhrif á reksturinn?</li><li>✓ Hvernig hafa þær áhrif?</li><li>✓ Er haldið utan um þær breytingar sem eru að verða á lagaumhverfinu?</li></ul>



### 3. Pestel greiningarformið

<b>P</b>	<b>Stjórnámál (Political)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>
<b>E</b>	<b>Efnahagsmál (Economic)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>
<b>S</b>	<b>Samfélag (Social)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>
<b>T</b>	<b>Tækni (Technological)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>
<b>E</b>	<b>Umhverfispættir (Environmental)</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>



		<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> </ul>
L	Lagaumgjörð (Legal)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• .....</li> <li>• .....</li> <li>• .....</li> </ul>

## 4. Heimildir

- (2021, December 6). *PESTLE analysis*. CIPD.  
<https://www.cipd.co.uk/knowledge/strategy/organisational-development/pestle-analysis-factsheet>
- (2021, March 26). *Marketing Theory- Pestel Analysis*. Professional Academy.  
<https://www.professionalacademy.com/blogs/marketing-theories-pestel-analysis/>
- M. T. C. T. (n.d.). *PEST Analysis Identifying "Big Picture" Opportunities and Threats*. MindTools. <https://www.mindtools.com/aqa3q37/pest-analysis>
- Perera R. (2017). *The Pestel Analysis*. Nerdynaut
- Cadle, J., Paul, D. & Turner, P., (2010). *Business analysis techniques: 72 essential tools for success*. BCS, The Chartered Institute.



Co-funded by  
the European Union



7

vefsíða

<https://www.welfareproject.eu/>

